

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 121/1994, um neytendalán, með síðari breytingum.

Frá viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Breytingar á gjaldtöku vegna lánessamninga samkvæmt lögum þessum skal tilkynna að lágmarki einni viku áður en þær taka gildi ef þær eru ekki til hagsbóta fyrir neytendur. Lánveitandi telst uppfylla skilyrði þessarar málsgreinar ef upplýsingar eru veittar með eftirfarandi hætti að vali neytanda:

- a. á vefsíðu á vegum lánveitanda, enda hafi neytanda verið tilkynnt um veffang vefsetursins og hvar hægt sé að nálgast umræddar upplýsingar á því, eða
- b. í netbanka á vegum lánveitanda, eða
- c. með tölvupósti.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. másl. þessarar málsgreinar getur neytandi óskað eftir því að upplýsingar samkvæmt þessari málsgrein verði veittar skriflega.

2. Við 3. gr. Í stað orðanna „eftirstöðvum láns“ í 1. efnismgr. komi: láni.